

Stofnanasamningur

Aðilar að þessum samningi eru Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) og SFR - stéttarfélag í almannþjónustu

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna SÍ sem eru í SFR og byggir á 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs með gildistíma frá 1. október 2015.

2. Meginmarkmið

Markmið samningsins eru að styrkja launakerfi félagsmanna SFR hjá stofnuninni, bæta bæði stjórnunar- og rekstrarlega þætti og almennt að bæta árangur í starfi SÍ.

Launaákvörðanir skulu byggjast á málefnalegum og augljósum forsendum og eiga að stuðla að því að gera laun og önnur starfskjör aðlaðandi og samkeppnisfær.

SFR félagar munu vinna að því að gera veg Sjúkratrygginga Íslands sem mestan og þeir taka þátt í að sýna aðhald í útgjöldum eins og kostur er í samræmi við stefnu stofnunarinnar.

Helstu markmið þessa samnings eru:

- Að bæta kjör starfsmanna og færa fasta yfirvinnutíma inn í grunnlaun starfsmanna.
- Að samræma laun sambærilegra starfa innan stofnunarinnar.
- Að vinna gegn og leiðrétta kynbundinn launamun ef hann er til staðar.
- Að auka tækifæri starfsmanna til starfsþróunar.
- Að auka samstarf og skilning á að bæta rekstrarskipulag stofnunarinnar og nýtingu rekstrarfjármagns.

3. Starfaröðun í launaflokka

Röðun starfa í grunnlaunaflokka byggist á verkefnum og skyldum sem í starfinu felast. Launaþróun félagsmanna SFR tekur síðan mið af heildarkjarasamningi SFR, formlegri og óformlegri menntun starfsmanna, reynslu þeirri sem starfsmenn búa yfir við upphaf starfs, starfsaldri, færni, getu og sérhæfni, sem þarf til að leysa starfið af hendi.

Starfslýsingar skulu hafðar til hliðsjónar við röðun starfa ásamt skipuriti stofnunarinnar. Starfslýsingar verða að vera lýsandi fyrir starfið og skulu endurskoðar a.m.k. árlega (starfsmannasamtöl) og alltaf þegar breytingar eiga sér stað á verksviði starfsmanns og/eða skipulagi SÍ.

Við ráðningu raðast SFR félagar í eftirfarandi grunnlaunaflokka:

Starfsheiti

Fulltrúi	16
Verkefnisstjóri 1	17
Gjaldkeri	18
Verkefnisstjóri 2	20
Bílstjóri á verkstæði og lager	22
Tæknimaður á verkstæði og lager	25
Umsjónarmaður	26
Bókari	26



Verkefnastjóri á verkstæði og lager	27
Kerfisfræðingur/Forritari	27
Kerfisstjóri	27
Launafulltrúi	27
Deildarstjóri	29

4. Persónubundnir þættir

4.1 Sérstök hæfni.

Hægt er að meta sérstaka hæfni og reynslu nýrra starfsmanna sem þeir hafa áunnið sér annars staðar. 1 launaprep.

4.2 Starfsreynsla hjá SÍ.

Starfsmenn skulu hækka um 1 launaprep eftir hvert tímabil sem hér segir:

- Eftir 1 ár í starfi
- Eftir 3 ár í starfi
- Eftir 7 ár í starfi
- Eftir 16 ár í starfi

4.3 Starfsnám/símenntun sem nýtist í starfi

Starfsmenn geta sótt starfsnám, símenntun og þjálfun sem nýtist í starfi í samráði við stjórnendur stofnunarinnar. Þeir skulu hækka um 1 launaflokk eftir hvern áfanga sem hér segir:

- eftir 60 kennslustundir
- eftir 120 kennslustundir

Mögulegt er að taka umræddan stundafjölda í einu lagi eða safna honum saman frá ólíkum verkefnum.

Þá er enn fremur heimilt að hækka starfsmenn um launaflokka eða álagsprep þegar um er að ræða aukna menntun sem er sérstaklega til þess fallin til að gera starfsmann hæfari til stjórnsýslustarfa hjá stofnuninni.

4.4 Menntun – mat á formlegu námi

Starfsmenn skulu hækka um 1 launaflokk fyrir hvern námsáfanga sem hér segir:

- Formlegt tveggja ára framhaldsnám eða ígildi þess
- Stúdentspróf / Sveinspróf
- Diplómanám á háskólastigi
- Grunnám á háskólastigi (BA, BS B.Ed.)
- Meistaránám á háskólastigi sem nýtist í starfi

Í störfum þar sem gerð er krafa um háskólamenntun skal félagsmaður í SFR sem hefur háskólapróf ekki vera lægra launaður en ef hann væri í stéttarfélagi háskólamenntaðra.

5. Tímabundnir þættir

5.1. Sérstök álagsgreiðsla

Starfsmaður sem tekur tímabundið að sér viðbótarábyrgð og/eða álag, sem ekki hefur verið tekið tillit til við skilgreiningu starfs, án þess að grunnverksvið hans sé breytt eða öðrum viðvarandi verkefnum sé fækkað, skal fá álagsgreiðslur vegna slíkra aukaverkefna. Ákvörðun um tímabundið álag skal að

jafnaði tekin fyrirfram af sviðsstjóra/forstjóra í samráði við starfsmann. Hafi starfsmaður starfað lengur en 24 mánuði samfleytt á þessum kjörum verða þau varanleg.

Dæmi um verkefni sem geta fallið undir þessa grein:

- Verkefnastjórnun nýrra tímabundinna verkefna
- Starf í nefndum eða starfshópum á vegum stofnunar eða deildar
- Aukið álag vegna veikinda eða tímabundinna fjarvista samstarfsmanna
- Fræðsla eða kennsla
- Sérstök átaksverkefni

6. Starfsmanna- og launasamtöl

6.1 Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl milli starfsmanns og stjórnanda fara fram einu sinni á ári. Þau eru m.a. vettvangur umræðu um starfsánægju og líðan á vinnustað, samskipti, aðbúnað, verkefni og starfslýsingu, skipulag og stjórnun, starfsþróun, fræðslu- og endurmenntun og frammistöðu starfsmanns. Launamál skulu ekki rædd í starfsmannasamtali.

6.2 Launasamtöl

Starfsmaður getur óskað eftir formlegu launaviðtali við framkvæmdastjóra. Í því viðtali gefst kostur á að fara yfir launakjör og endurmat þátta sem áhrif hafa til hækkunar á röðun starfsmanns. Launaviðtal skal fara fram eigi síðar en tveimur vikum eftir að ósk hefur komið fram eða eftir nánara samkomulagi. Starfsmanni skal gefið svar stofnunar innan fjögurra vikna eftir að launaviðtal á sér stað.

7. Hlutverk samstarfsnefndar

Hlutverk samstarfsnefndar samningsaðila er skilgreint í kjarasamningi SFR. Samstarfsnefnd er kölluð saman á samningstíma vegna framkvæmdar samningsins ef aðildar telja nauðsyn bera til og annar hvor samningsaðili óskar þess.

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Skal ágreiningsmálum vísað til samstarfsnefndar.


Samstarfsnefnd skal alla jafna funda að lágmarki 2 á ári. Markmið þessa funda er að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda á vinnustað.

8. Gildistími samningsins og endurskoðun


Samningur þessi gildir frá 1. júní 2017

Reykjavík, 19. júní 2017

f.h. SFR


Pjetur H. Jónsson
Sjúkráttæknir
Háallundur Jónsson

f.h. Sjúkratrygginga Íslands


Freyja Halldóttir

Bókun 1.

Aðilar samnings þessa telja mikilvægt að vinna að skýrum og leiðbeinandi starfslýsingum. Á gildistíma núverandi kjarasamnings SFR og ríkisins mun samstarfsnefnd SFR/SÍ vinna að því að starfslýsingar verði til fyrir öll störf sem félagsmenn innan SFR vinna hjá SÍ.

Three handwritten signatures in blue ink are located in the bottom right corner of the page. The signatures are stylized and appear to be initials or names.